



FUNDARGERÐ

26. fundur Odda bs

haldinn <https://zoom.us/j/6594700701> , 28. apríl 2020

og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Elín Grétarsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Klara Viðarsdóttir sat fundinn undir lið 1.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs 2020 - 2001020

Rekstur janúar-mars

Farið yfir og kynnt yfirlit um rekstur Odda bs janúar til mars 2020.

2. Viðbragðs- og aðgerðaáætlun vegna COVID19 - 2003021

Staða mála og næstu skref.

Fram kom að skólastarfið hefur gengið vel þrátt fyrir sérstakar aðstæður vegna COVID farsóttarinnar. Unnið hefur verið eftir sama plani síðustu vikur en eftir páska fjölgaði nemendum á ný og eru skólastjórnendur nú að undirbúa að færa skólastarfið í eðlilegt horf frá og með 4. maí. Þá mun einnig íþróttastarfið fara í gang m.a. skólasund. Gert er ráð fyrir að upplýsingar um fyrirkomulag skólastarfsins, frá og með 4. maí, verði uppfærðar á morgun miðvikudag. Fyrir fundinum liggur erindi frá stjórnendum á Heklukoti varðandi starfsdaga en vegna COVID farsóttarinnar þá áttu að öllu eðlilegu að vera þrír starfsdagar nú í maí. Skólastjórnendur hafa óskað eftir því að færa einn starfsdag til næsta skólaárs, starfsdagur þann 22. maí yrði látinn halda sér og einn starfsdagur myndi falla niður. Erindið samþykkt samhljóða.

3. Skóladagatöl 2020-2021 - 2004025

Undirbúningur

Lögð fram drög að skóladagatölum. Kanna þarf betur með tímasetningu sumarleyfa ofl. en skóladagatölin verða tekin til formlegrar afgreiðslu á vörfundum Odda bs. Stjórn Odda bs hvetur skólastjórnendur eindregið til þess að samræma starfsdaga eins og frekast er kostur. Sérstaklega er mikilvægt að starfsdagar séu samræmdir innan skólahverfa.

4. Nemendur Odda 2019-2020 - 2004026

Yfirlit um nemendafjölda

Lagt fram yfirlit um nemendur hjá skólum Odda bs til kynningar.

5. Samþykktir fyrir byggðasamlagið Odda bs - 1512003

Reynsla sl. árs varðandi áheyrnarfulltrúa

Rætt um það fyrirkomulag sem gilt hefur síðasta árið en áheyrnarfulltrúi minnihluta í sveitarstjórn Ásahrepps hefur settið stjórnarfundir Odda bs með málfrelsi og tillögurétt. Fyrirkomulagið þykir hafa heppnast vel og er tillaga um að sami háttur verði hafður á til loka kjörtímabilsins en samþykktir byggðasamlagsins haldist óbreyttar.

Samþykkt samhljóða.

Bókun áheyrnarfulltrúa E-lista

Áheyrnarfulltrúi ítrekar beiðni um að samþykktir séu endurskoðaðar með það í huga að hafa fullan atkvæðisrétt.

Elín Grétarsdóttir

Fundargerðin yfirlesin og samþykkt með tölvupósti.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:35.

Björk Grétarsdóttir

Haraldur Eiríksson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Elín Grétarsdóttir